

skólamál, en lofar að hugsa til þess seinna. En það er að eins eitt, sem vér vildum bæta við, og það er, að þegar um annað eins mál er að ræða og þetta, þá er það ómurlegt, hve almenn-ingur er ljúfur og leiðitamur eða hugsunarlaus um þau efni. Hann líður hvaða svívirðu og skömm sem er, þótt út yfir taki, að líða það, að gengið sé fram hjá sínum eigin skóla, og gefa til þess stórfé, að málinu sínu, Íslenzkunni, því eina eigulega, sem þjóðin á, sé sökkt niður í þá holu, þar sem allur sannleikur er marg krossfestur á Golgatha afturhaldsins. Ichabod! Ichabod! Dakotamenn. Dýrðin hefir yfirgefið oss.

Yfir höfuð að tala munu fáar tillögur nokkurs varðandi hafa komið fram frá leikmönnum á þessu þingi, enda hefir sjálfsagt ekki verið til þess ætlast. Fyrst var ekki þingi svo skipað, að fáum undanteknum, að þess væri að vonast, og svo í öðru lagi var svo mikið um mannfögnuð og veizluhöld, að gestirnir, sem hingað komu, voru svo snortnir af velvildinni, er þeim var sýnd, að þeir hefði átt bágð með að fitja upp á nokkrum þeim málum, er ekki hefði öllum í geð fallið. Að öllum líkindum hafa þeir þó munað orðin, að guðs ríki er hvorki matur né drykkur, en svo hefði það verið brot á móti íslenzku „Etiquette“ að minnast ekki orðanna „vel sé þeim, sem veitti mér.“

„Með hálfum hleif ok með höllu kerri fekk ek mér féлага“ segja Hávamál og ennfremur „Lítilla sanda, lítilla sæva, lítil ero geð guma.“ Skyldi ekki orð þau reynast býsna oft æði sönn, þegar menn komast til rólegheita eftir á og líta yfir það sem liðið er og gjört er? Hvernig væri að menn breyttu nú svo mikið eftir Skriftlærðum og Faríseum, sem á Móses stóli sitja, að þeir breikkuðu svo minnisblöð sín, áður en til mannfunda væri gengið, að þeir kæmu þar orðunum: „Lítil eru geð guma.“

Staka.

Eg sá það á blöðunum síðast:
 Hið sama' er, sem fyrrum, enn,
 að kristnir menn herja þá heiðnu,
 og hrifsa, og drepa — menn.

VIÐAR.